

**Ed.**

**100. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Risi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett.

3. gr.

- a. Fyrir „Stjórn ... eftirlitsmönnum“ í upphafi 2. gr. laganna kemur: Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum.
- b. Á eftir „sjóðstjórnnum“ í síðari málslið sömu gr. bætist: eða vörzlumönnum.

4. gr.

Fyrir „skipulagsskrá“ í 3. gr. laganna kemur: fyrirmæli um starfsemi.

5. gr.

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna skal orða svo:

Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrirmæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 29 1935 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um eftirlit með opinberum sjóðum.

G r e i n a r g e r ð .

Síðan lögin um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, voru sett, hefur verið unnið að því að safna reikningum og skýrslum um þá sjóði, er þau lög ná til. Er nú til yfirlit um þá sjóði alla. Eru þeir fram til ársloka 1939 452 talsins, og nam samanlögð eign þeirra í lok sama árs sem næst 7,4 millj. króna. Nokkrir þessara sjóða voru gleymdir og varð að þeim talsverð leit, fáeinir hafa glatazt alveg, en yfirleitt má þó segja, að gæzla þeirra væri í sæmilegu lagi.

En við söfnun þessara sjóða kom í ljós, að til er allmikill fjöldi gjafasjóða, er ekki hafa fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Hafa sumir þessara sjóða skjalfest fyrirmæli gefenda eða stofnenda um tilgang og gæzlu, en aðrir ekki. Sjóðir þessir eru dreifðir um land allt og geymdir á ýmsan hátt, svo sem í Söfnunarsjóði, sparisjóðum, hjá skólum, félögum eða einstökum mönnum. Sumir þessara sjóða munu gleymdir þeim, er eiga að stjórna þeim og sjá um framkvæmd á fyrirmælum stofnenda.

Einn úr hinni þingkjörnu eftirlitsnefnd, Andrés Eyjólfsson, hefur safnað skýrslu um sjóði þessa, að svo miklu leyti sem föng voru á, og hafa þegar verið skrásettir af honum 344 þess kyns sjóðir, og mun eign þeirra samanlögð nema nokkuð á þriðju milljón króna.

Við eftirlitsmenn sjóða töldum nauðsyn á, að sett væru einnig af löggjafanum fyriræli um eftirlit með þessum sjóðum, er tryggði það, að starfsemi þeirra og stjórn færi fram eins og til var ætlazt af stofnendum þeirra, og varna því, að þeir færu forgörðum. Hyggjum við, að það mundi hvetja, en ekki letja menn til sjóðstofnana, ef ríkið gerir ráðstafanir til að tryggja varðveizlu þeirra og að þeim sé varið á þann hátt, er til var ætlazt.

Það skal tekið fram, að ákvæðum þessum er ekki ætlað að ná til sjóða þeirra, er félög hafa stofnað með framlögum félagsmanna og ætlaðir eru til venjulegra félagsþarfa, enda sé félagsskapurinn við lýði.